



VANTAR, UM 1.300 LEIKSKÓLAKENNARA

■ Áherslan lögð á að styrkja ófaglærða ■ Mun taka áratugi að uppfylla ákvæði laganna

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Um 1.300 menntaða leikskólakennarar vantar til starfa til þess að sveitarfélög geti uppfyllt lög um að 2/3 starfsmanna séu menntaðir í faginu. Vandamálið er ekki nýtt af nálinni en hægt hefur gengið að finna haldbærar lausnir á vandamálinu. Árið 2012 var skipaður starfshópur til að leggja fram aðgerðaráætlun um fjölgun einstaklinga sem sækja um leikskólakennaranám og stuðla þannig að nýliðun. Ýmislegt jákvætt hefur gerst í kjölfar þessa starfs og fjölmörg sveitarfélög leggja mikla áherslu á að ráða bót á vandamálinu. Áherslan er lögð á að auðvelda ófaglærðum starfsmönnum að sækja sér menntunina.



Haraldur F. Gíslason Haraldur er ánægður með þann mikla vilja innan sveitarfélaganna til þess að fjölga leikskólakennurum.

Krafa að 2/3 séu faglærðir

Í lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla er leitast við að tryggja að menntun og undirbúningur kennara í leikskólum sé með því besta sem völ er á. Þar er meðal annars sett fram sú krafa að 2/3 hlutar starfsfólks sem sinnir menntun og uppeldi í leikskólum séu leikskólakennarar. Með síðarnefndu lögunum var einnig lögfest að nýir leikskólakennarar þurfa að hafa lokið meistaraþrófi til að geta fengið leyfisbréf.

Vantar 1.300 leikskólakennara

Þessi metnaðarfulla krafa hefur þó aldrei verið uppfyllt. Í dag er staðan sú að um 1.300 leikskólakennara vantar á leikskóla landsins og er ástandið mjög mismunandi eftir sveitarfélögum sem og milli leikskóla innan sama sveitarfélags. Dæmi um sveitarfélög sem standa vel að vígi eru Akureyri og Akranes en Reykjavíkurborg er dæmi um sveitarfélag sem stendur höllum fæti varðandi þetta hlutfall. Því má fullyrða að á meðan þetta ástand varir sé nemendum beinlínis mismunandi þar sem sumir eru á leikskólunum þar sem hlutfall menntaðra starfsmanna er hátt á meðan aðrir eru á leikskólum þar sem að hlutfallið er lágt. Sumir nemendur koma því með betri grunn inn í grunnskólana en aðrir.



Klara E. Finnbogadóttir SÍS sendi hvatningarbréf til sveitarfélaga um að taka á vandamálinu og var því afar vel tekið.

Jákvæð teikn á lofti

„Þetta vandamál er ekki nýtt af nálinni. Ástæðan er einfaldlega sú að leikskólastigið er frekar ungt skólastig og hefur þróast mjög hratt. Það er ekki langt síðan börn almennt voru ekkert í leikskóla. Okkur hefur ekki tekist að halda í við þessa þróun,“ segir Haraldur F. Gíslason, formaður Félags leikskólakennara. „Síðustu ár hefur þó orðið jöfn og þétt þróun upp á við án þess að nokkur sprenging hafi átt sér stað. Það sem er hins vegar afar jákvætt er að við finnum vilja sveitarfélaganna til að vinna með okkur í því að



Skortur á leikskólakennurum Jákvæð teikn eru á lofti en langan tíma mun taka að snúa þróuninni við.

fjölga leikskólakennurum. Það verður að teljast ólíklegt að okkur takist að uppfylla lögin á næstu árum, það mun gerast hægt og rólega,“ segir Haraldur.

Um 100 nemendur í náminu

Hægt er að stunda leikskólakennaranám í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Alls geta 180 nemendur stundað nám í skólunum og kom það fram í aðgerðaráætlun starfshópsins frá árinu 2012 að markmiðið væri að útskrifa þann fjölda árið 2020. Árið 2014 hófu 99 nemendur leikskólakennaranám, þar af 84 í Háskóla Íslands og 15 í Háskóla Akureyrar. Skólakerfið getur því tekið við talsvert meiri fjölda og áskorunin er því að gera námið meira aðlaðandi.

Styrkja ófaglærða til menntunar

„Talsverður hluti okkar félagsmanna hefur aðra gráðu en leikskólakennaramenntun. Þetta er fólk sem hefur starfað í nokkurn tíma í leikskólunum og sér sig á þessum starfsvettvangi til framtíðar sem og fólk sem hefur starfað stutt í leikskóla og er á ákveðnum krossgötum. Við viljum ná til þessa hóps og veita honum

styrki til þess að sækja sér nám sem veitir leyfi til kennslu á leikskólastigi. Fyrstu styrkirnir af þessu tagi verða veittir núna í nóvember,“ segir Haraldur.

Í desember síðastliðnum sendi Samband íslenskra sveitarfélaga út hvatningarorð til allra sveitarfélaga um að átak yrði gert í málefnum ófaglærðra starfsmanna á leikskólum sem vilja mennta sig í faginu. Í hvatningarbréfinu kemur fram að um 32% starfsmanna á leikskólum vilji mennta sig í faginu en telja fimm ára háskólanám vera of langa skuldbindingu. Að mati 45% þeirra hentaði hlutanám með starfi best.

Auka svigrúm leikskólastjóra

„Þessi staða er sjálfsgöðu áhyggjuefni en Samband íslenskra sveitarfélaga rær að því öllum árum að hækka menntunarstig starfsmanna almennt. Á leikskólunum er fjöldi starfsfólks sem vill mennta sig en getur það ekki án stuðnings. Þess vegna sendum við út þetta hvatningarbréf til sveitarfélaganna, en það snerist um að boða til átaks sveitarfélaga í að hvetja ófaglærða starfsmenn leikskólanna til þess að afla

sér viðbótarmenntunar og auka svigrúm leikskólastjóra til hvatningar og stuðnings við starfsfólk þeirra til náms,“ segir Klara E. Finnbogadóttir, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

5 ára háskólanám er of stór biti

Að hennar sögn var hvatningarbréfinu afar vel tekið. „Viðtökurnar voru afar góðar og flest sveitarfélög eru að leggja mun meiri fjármuni en áður í þennan málaflokk. Jafnvel þau sveitarfélög sem voru að vinna mjög gott starf fyrir hafa bætt í,“ segir Klara. „Stærsta áskorunin er sú að ófaglærðum starfsmönnum leikskólanna finnst að fimm ára háskólanám sé of stór biti og því höfum við horft til þess að fleiri vörður séu á námsleiðinni. Við börðumst til dæmis fyrir því að háskólarnir tækju upp diplómanám en í fyrra var í fyrsta skipti boðið upp á slíka námsleið. Samkvæmt okkar upplýsingum er þetta nám að höfða til fólks og ásóknin í það var mikil. Við teljum að ef fólk fer af stað í tveggja ára nám þá sé líklegra að það haldi áfram þegar því lýkur,“ segir Klara að lokum. ■